

6. gr.

44

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr., er renna í 27. apríl lendingarsjóð Krossavíkur, og fer um mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76. 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. maí 1923 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

45

30. apríl

um

flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkast þannig:

I. flokkur. Öll hvít vorull, sem er fætlingalaus, blæfalleg, greið og vel þvegin. Ull með gulleitu togi sje eigi útilokuð, ef þelið er vel hvítt og hún að öðru leyti fullnægir ofansögðu.

II. flokkur. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin.

II. b. flokkur. Hvít haustull vel þvegin og þur.

III. flokkur. Öll svört eða að öðru leyti mislit vorull, sem um alt nema lit fullnægir sömu skilyrðum og I. flokks vorull.

IV. flokkur. Öll vel þvegin ull, sem að öðru leyti eigi fullnægir skilyrðum I. til III. flokks.

V. flokkur. Öll hvít haustull óþvegin, en laus við skarnklepra, blóðskorpur og skinn snepla.

VI. flokkur. Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þur, er ekki hæf til útflutnings; ekki heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.

45

3. gr.

30. apríl

Merkja skal hvern ullarsekk þannig: Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni, hverjum flokk ullin tilheyri. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjelag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 26. maí 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

46

5. maí

S A M Þ Y K T

um

samgirðing í Vallahreppi vestan Grímsár.

Hreppsnefndin í Vallahreppi hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 gjört eftirfarandi samþykkt um samgirðingu í Vallahreppi vestan Grímsár:

1. gr.

Í Vallahreppi vestan Grímsár skal vera fjórþætt gaddavírsgirðing, með 30 sentímetra undirhleðslu, frá Hallormsstaðargirðingu, þar sem hún gengur lengst út og upp til Hallormsstaðarháls við Hafursá, austur Grindamúla, fram- an við Víðirdal, þaðan út og austur í Skarhryggshnaus ysta, þaðan að Kappladalslæk á landamerkjum Vaðs og Sauðhaga og þá eftir á landamerkjalinu þeirra jarða austur í Grímsá.

2. gr.

Girðing þessi er gjörð fyrir ábúendur á jörðunum Hafursá, Freyshólum, Mjóanesi, Strönd, Gunnlaugsstöðum, Sauðhaga, Hvammi og Víkingsstöðum. Ennfremur fyrir ábúendur Vallaness og Jaðars, þó þannig, að ábúendur þessara síðasttöldu jarða greiða aðeins hálft gjald í girðingarkostnað við hinar fyrtöldu jarðir, og að gjaldskylda þeirra hættir, þegar jarðir þessar girða sig af, önnur eða báðar.